

---

# FORNLEIFASKRÁNING VEGNA LJÓSLEIÐARA MILLI HALLGEIRSEYJAR OG ÞORLÁKSHAFNAR

---



**GYLFI HELGASON (RITSTJ.)**

HÖFUNDAR EFNIS: GYLFI HELGASON, LILJA LAUFHEY DAVÍÐSDÓTTIR OG RAGNHEIÐUR GLÓ  
GYLFADÓTTIR

---

REYKJAVÍK 2023  
FS912-22331

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Forsíðumyndin sýnir rjómabúið á Baugsstöðum (ÁR-173:014\_01), horft til SSA.*

*Ljósmynd: Gylfi Helgason*

© 2023

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGARSTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033

NETFANG: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

[www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar vegna fyrirhugaðar lagningar, frá sæstreng við Hallgeirsey nærri Landeyjahöfn allt vestur að Þorlákshöfn. Ljósleiðarinn liggur um fimm sveitarfélög: Árborg, Flóahrepp, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ölfus.

Skráningin var unnin að beiðni Ljósleiðarans ehf. Áhrifasvæði ljósleiðarans er um 65 km langt og náði svæðið 15 m til hvorrar áttar frá áætlaðri miðlínu, alls 30 m breitt. Alls voru skráðar 36 fornleifar á 31 minjastöðum innan áhrifasvæðisins. Allar minjar innan áhrifasvæðis voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en 10 minjastaðir eru rétt utan svæðis og því aðeins metnir í hættu af sömu ástæðu. Flestar minjar eru við gamla rjórabúið á Baugstöðum og innan heimatúna bæjanna Arnarhóls, Fljótshóla, Ragnheiðastaða, Loftstaða eystri og Loftsstaða vestri. Fjölbreytilegar minjar voru skráðar í þessari úttekt, svo sem garðlög, útihús og margvíslegar samgönguminjar (t.d. brýr og leiðir).

### *Efnisorð*

Fornleifaskráning, deiliskráning, Árborg, Flóahrepp, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ölfus.

## Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey undertaken in 2022. The survey was done in advance of a fiber optic cable development in South-Iceland. The cable will run over five municipalities: Árborg, Flóahrepp, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, and Ölfus.

The cable's assessment area is *c* 65 km long. On the whole, 36 archaeological sites were surveyed at 31 locations. All sites within the assessment area were considered to be at great risk, but 10 sites in close proximity to the assessment area were considered to be at a moderate risk. Much of the archaeology is located near the old homefields of the farms Arnarhóll, Ragnaheiðarstaðir, Fljótshólar, Loftstaðir eystri and Loftsstaðir vestri but also near the old creamery at Baugstaðir. A wide array of archaeological sites was surveyed, such as various wall structures, outhouses and sites connected to movement (*eg* bridges and old paths).

### *Keywords*

Archaeological survey, detailed survey, fiber optic cable, Árborg, Flóahrepp, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ölfus.

# Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	6
2	SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	9
3	AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU .....	11
4	FORNLEIFASKRÁ.....	13
5	FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSSVÆÐIS.....	13
	HEIMILDASKRÁ.....	51

## VIÐAUKI


Hnitaskrá ISN93

Minjakort



# 1 Inngangur

Í lok júlí 2022 fór Ljósleiðarinn ehf. þess á leit að Fornleifastofnun Íslands ses. tæki að sér skráningu fornleifa á 65 km löngu svæði, frá sæstreng við Hallgeirsey nærri Landeyjahöfn allt vestur að Þorlákshöfn. Tekið var út 15 m breitt svæði frá miðlínu, samtals 30 m breitt belti. Fyrirhugaður ljósleiðari liggur í gegnum fimm sveitarfélög: Árborg, Flóahreppi, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ölfus. Ljósleiðarinn mun að stórum hluta liggja meðfram vegum og mjög sendum svæðum þar sem litlar líkur eru á að fornleifar finnist. Vegna þessa var ákveðið að aðeins þyrfti að aka eftir vegum eða mjög sendum svæðum innan áhrifsvæðis en þaulgengið var yfir óraskað land (mynd 1). Alls þyrfti að þaulganga 2 km (við Miðöldu í Ölfusi og rétt austan við Hólsá hjá Grímsstöðum í Vestur-Landeyjahreppi) en 63 km voru eknir.



Mynd 1: Kort sem sýnir áhrifsvæðið og skráðar fornleifar innan þess. Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Fornleifastofnun Íslands hefur lokið aðalskráningu fornminja í Flóahreppi,<sup>1</sup> Rangárþingi ytra<sup>2</sup> og í Ölfusi.<sup>3</sup> Aðalskráning stendur yfir í Rangárþingi eystra<sup>4</sup> og Árborg, m.a innan Stokkseyrar. Einnig hefur VG-fornleifarannsóknir lokið skráningu í Þorlákshöfn.<sup>5</sup> Enn fremur má geta þess að ýmsar deiliskráningar verið gerðar innan eða rétt utan við áhrifasvæði ljósleiðarans, einkum í og við Stokkseyri.<sup>6</sup>

Farið var á vettvang í júlí 2022. Áður en verkið hófst voru 12 fornleifar þekktar innan svæðisins en við vettvangsvinnu fundust 24 til viðbótar. Alls voru skráðar 36 minjar í þessari úttekt á 31 minjastöðum. Tíu minjastaðir voru rétt utan áhrifasvæðið en helgunarsvæði þeirra (15 m) nær inn á það. Vegna þess voru þeir teknir með. Allir minjastaðir voru hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði voru mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Um vettvangsskráningu sáu Agla Ringsted, Gylfi Helgason, Adolf Friðriksson og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Um skýrslugerð og kortavinnu sá Gylfi Helgason. Allar ljósmyndir í skýrslunni voru af skrásetjurum Fornleifastofnunar en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf og lagðar til af verkkaupa.

Landshættir innan áhrifasvæðisins eru fjölbreyttir, enda liggur ljósleiðarinn yfir fimm sveitarfélög. Almennt séð er það gróið og slétt deiglendi sem er raskað af vegagerð enda liggur ljósleiðarinn að stórum hluta samhliða þjóðvegum. Á stöku stöðum liggur ljósleiðarinn um hálfgrónar sandöldur og/eða sendin svæði eins og á Rangársandi eða við Miðöldu rétt utan við Þorlákshöfn. Sömu leiðis liggur fyrirhugaður ljósleiðari gegnum þéttbýlið á Stokkseyri.

Skýrsla þessi byggð upp á sama hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um skráningarkerfi Fornleifastofnunar og aðferðir og í þeim fjórða er skrá yfir fornleifar innan áhrifasvæðis. Í fimmta og síðasta kaflanum er umfjöllun um fornleifar innan áhrifasvæðis og helstu

---

<sup>1</sup> Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2018.

<sup>2</sup> Oddgeir Hansson og Orri Vésteinsson, 2001.

<sup>3</sup> Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2017.

<sup>4</sup> Sjá t.d. Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2023.

<sup>5</sup> Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðarsdóttir, 2021.

<sup>6</sup> Bjarni F. Einarsson 2013, Edda Linn Rise, Guðlaug Vilbogadóttir og Guðný Zoëga 2005; Guðlaug Vilbogadóttir, Edda Linn Rise og Kristín Erla Þráinsdóttir 2007; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir 2018ab; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga 2005; Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson 2018.

niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði (ISN93) og minjakort.





## 2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum

þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

### 3 Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-089:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan marka áhrifasvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.


Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra frávikum eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan í skráningu er að skilgreina minjastaði sem eru innan marka deiliskipulags í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má

afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir raski við framkvæmdir. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Jóhannsen	Númer fornleifar á tiltekinni jarð	Sérhafi	Tegund	Utlitverk	Illustraða í landslutarakerfi ISN93
→ Sýsluráki	→ SF:175:009	→ Sveinshlaða	→ (tófl)	→ (hlaða)	→ E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horfi til norðurs



Í jömsmynd af minjastað og uppstilling/ráking

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt óthús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarsteði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarsteði 003. Á þeim stað er staðileg hlöðutófi sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skafartunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóflin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafartunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóflarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innamáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innamáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innamáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfid norðvestan við hana. Nokkur hölmýndun er undir norðvesturhluta tóflarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar → Hætta sem stöðjar að fornleif  
**Heimildir:** Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, sávarni færsla í heimildaskrá

Skýringarmynd. Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan áhrifasvæðis. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

## 4 Fornleifaskrá

### ÁR-089 Fljótshólar

#### *Sögulegar heimildir*

1686: 20 hdr., Skálholtsstólseign. **BL**, bls. 102.

1695: 20 hdr., Skálholtsstólseign. **BL**, bls. 102.

1708: Jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign, **JÁM II**, bls. 1.

Árið 1532 fær Önunur biskup í Skálholti dótturbörnum Finnst heitins Þorvaldssonar jörðina Fljótshóla í Flóa til fullrar eignar, **DI IX**, bls. 639.

Árið 1533 fær Ögmundur biskup Guðmundi Þorvarðarsyni jörðina Fljótshóla í Flóa fyrir arfinn Finnst Þorvarðssonar fyrir norðan land, **DI IX**, bls. 687.

Bréf um kaup á Fljótshólum frá 1532 og 1546 [**DI XI**, bls. 503] er varðveitt í bréfabók Gizurar biskups Einarssonar, **DI X**, bls. 430.

Árið 1547 selja Arnór og Finnur Guðmundssynir Gizuri biskupi jörðina Fljótshóla í Flóa fyrir lausafé, **DI XI**, bls. 529.

1708: „Munnmæli eru, að hjer hafi bænhús verið; engin vita menn rök til þess ... Fljótshólahjáleiga, í eyði síðan í næstliðnum fardögum, bygð fyrir manna minni í túninu, var fyrir 17 eður 18 árum færð undan sandfoki í úthaga ... Ekki má hjer aftur byggja, nema til meins og skaða jörðunni.“ **JÁM II**, bls. 1,5

1981: „Fljótshólar I og IV austurbær ... Fljótshólar II og III vesturbær ... enda standa bæirnir á sama hlaði.“ **SB II**, bls. 131-132.

#### *Landkostir*

1708: „Fóðrast kann v kýr, xx ær, x lömb, iiii hestar ... Afrjett hefur jörðin frí fyrir geldnaut, geldfje og lömb sumur á fjöllum ... Torfrista og stúnga lök og sendin og mjög erfið til að sækja. Mósкурður til eldiviðar meinast áður verið hafa. Þar er nú sandur og vikur yfirborinn, sem Þjóssá hefur gjört ... Elt er taði. Silúngsveiðivon í Þjóssá ... Selveiði hefur áður verið í Þjóssá ... Rekavon nokkur, og bregst þó oftlega. ... Skógarhögg til kolgjörðar á jörðin frí í staðarins skógi á fjöllum fyrir ofan Eystri Hrepp; hann er nú mjög eyddur og er valla nýtur til kolgjörðar. Túninu grandar Þjóssá með vatni og vikur að austan, en stórviðri með sandfoki að sunnan og vestan, og er so mikið bragð að þessu, að túnið mestalt er komið í kaf og nær eyðilagt. Engjunum spillir í samamáta ... Vatnsból erfitt sumar og vetur í einum brunni djúpt í jörðu ... Ferjustaður er hjer við Þjóssárosa fyrir reisandi fólk.“ **JÁM II**, bls. 5.

1918: „Fljótshólar (vesturbær). Stærð túnsins: 3,4 ha. Stærð nátthagans: 0,5 ha. Alt er túnið sljett. Nátthaginn ca 2/3 sljettur. Stærð matjurtagarða: 22,35 [fer] metrar. “ Túnakort 1918. „Fljótshólar (austurbær). Stærð túnsins: 5,6 ha. Stærð nátthagans: 0,7 ha. Alt er túnið sljett. Nátthaginn ca. 1/2 sljettur. Stærð matjurtagarða: 1444 [fer] metrar.“ **Túnakort** 1918.

ÁR-089:022 Túnbrú brú brú

A 411106 N 366713



Túnbrú 022, horft til suðausturs.

„Yfir Keldu er trébrú, sem kölluð er Túnbrú,“ segir í örnefnalýsingu. Brúin er 400 m norðan við bæ 003 og 120 m norðaustan við Lögmannshól 054. Að henni liggur vegur í suðvestur-norðaustur, frá heimreiðinni niður að Fljótshólum, á milli tveggja túna. Brúin er 1 m sunnan við miðlínu áhrifasvæðis ljósleiðara. Malarvegur, nokkuð gróinn. Áin rennur undir brúna norðvestur-suðaustur. Sléttuð tún eru til allra átta.

Brúin er gerð úr timbri og er orðin nokkuð hrörleg og víða mosavaxin. Undirstöður hennar hafa verið styrktar og þar má sjá nýrra timbur og láréttar málmstöðir á milli brúna skurðarins. Brúin er 8 x 4 m að stærð og á suðurhlíð hennar er 0,4 m hátt timburhandrið. Brúin er frekar ungleg og viðgerðir á henni hafa átt sér stað nýlega.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fljótshólar, austurbær, 1.

ÁR-089:023 heimild um áveitu

A 411270 N 366389

„Sunnar [en Trébrú 022] í Keldu austur af bænum var stífla. Þar heitir Stíflustaur,“ segir í örnefnalýsingu. Um 220 m austan við bæ 003 var áveita en ekkert sést til hennar lengur. Þar er breiður lækur, Keldan, sem liggur norður-suður. Stíflan var um 8 m vestan við miðlínu ljósleiðara. Þýft og grasivaxið svæði. Þar eru skurðruðningar og skurður.

Öll ummerki áveitunnar eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fljótshólar, austurbær, 1.

ÁR-089:047 Veita heimild um áveitu

A 411058 N 366831

„Heiman við Tungu heitir Veita. Í áveituskurðinum norðan við túnið heitir Klofastífla,“ segir í örnefnalýsingu. Klofastífla var um 500 m norðan við bæ 003 og 120 m NNV við Túnbrú 022, þar er ræsi í gegnum þjóðveginn. Þessi stífla er horfin í vélgrafin skurð. Stíflan var um 5 m norðan við áhrifasvæði ljósleiðara. Villingaholtsvegur 305 er ómalbikaður og skurður norðan hans, Keldan rennur í skurðinum og grasivaxið þýfi og sléttuð tún eru í kring.

Þessi stífla var líklega hluti af 20. aldar áveitum en frekari heimildir þarf til að staðfesta það.

**Hættumat:** Hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Fljótshólar, vesturbær, 2.

ÁR-089:059 garðlag vörslugarður


A 411099 N 366739

Fjölmörg garðlög tengd áveitu og vörslu búpenings eru á Fljótshólum, sérstaklega í mýrinni fyrir norðan bæ 001. Eitt þeirra lendir innan áhrifasvæðis ljósleiðara, rúmum 20 m norðan við brú 022 og 410 m norðan við bæ 001. Miðlínan sker garðinn sem verður óhjákvæmilega fyrir raski. Malarvegur er meðfram garðinum til suðausturs. Annars gróið tún.

Garðlagið liggur frá Keldu að Villingaholtsvegi. Vírgirðing er ofan á garðinum sem afmarkað suðausturhluta túns sunnan þjóðvegarins. Garðurinn er 1,5 m á breidd, 0,7 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann

er um 180 m að lengd og myndar gleitt horn. Garðurinn er algróinn og sést vel.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Loftmynd af vörslugarði 059. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## ÁR-090 Ragnheiðarstaðir

### *Sögulegar heimildir*

1686: 23 hdr. 80 ál., Skálholtsstólseign. **BL**, bls. 102.

1695: 23 hdr. 40 ál., Skálholtsstólseign. **BL**, bls. 102.

1708: Jarðardýrleiki óviss. Skálholtsstólseign, **JÁM II**, bls. 9.

Jarðarinnar er getið í peningareikningsskap Gizurar biskups við Arnór Eyjólfsson frá 1545, **DI XI**, 450.

[um 1220]: Mariu kirkia a ragnheiðarstoðvm a .x. hundrað j landi. kluckur tvær. kross. ok alltara klæðe. buning sinn allan slikan sem hann er. þar skal syngia messv annan hvern dag helgan. ok en fiórða hvern ottv song. ok kavpa þann song tveim morkvm. Tiund liggir þar til allra heima manna. en giallda hvert havst j golveria bæ gellding. Lysa fyri þa daga alla er messa er svngin eptir fra mariv messv vnz liðr paska vikv; Máldagi, **DI I**, bls. 411

{1598: hálfkirkja **AM 263 fol.** bls. 54}

1708: „Ragneidarstadahiáleiga, bygð fyrir 20 árum, og varaði bygðin inn til næstu fardaga ... Þessa grasnautn hjáleigunnar nýtir heimabóndinn. Ekki má hjer aftur byggja fyrir sandi. Ragneidarstadahiáleiga önnur, bygði fyrir manna minni, varaði bygðin inn til 8 ára, síðan legið í auðn ... Mesti partur lands, sem hjáleigunni fylgdi, er komið í sand og mela, og má þetta býli því aldrei aftur byggja.“ **JÁM II**, bls. 10-11.

### *Landkostir*

1708: „Fóðrast kann iii kýr, vi ær, ii hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga sæmileg, en þó mjög erfið og langt í burtu. Móskurður til eldiviðar hefur verið , en nú er sandur drifinn yfir það pláts ... Rekavon sæmileg og í betra lagi hjer í sveit ... Skógarhögg sem á öðrum stólsins jörðum ut supra. Túnið er ekkert, og hefur ekkert verið í 30 ár eður lengur, og hefur þar sand ádrifið í stórviðrum, so að allur bærinn er umkríngdur sandi. Engjar gjöreyddar af sandfoki ... Hætt er kvikfje fyrir hraungjám, og hefur það oft að skaða orðið Að bænum leggur so mikinn sand í stórviðrum, að sljett verður öllumegin út frá húsunum, og er þá ei mönnum óhætt ... Vatnsból er so erfitt, að til þess er að sækja ellefu álnir að ofanverðu ofan í jörðina .. Heimræði er hjer og hefur það verið sæmilegnt og lending ein fyrr heimalandi.“ **JÁM II**, bls. 9-10.

1918: „Stærð túnsins: 2.1 ha. þar af sljett ca 9/10. Stærð matjurtagarða: 48 [fer] metrar.“ **Túnakort 1918**.



**ÁR-090:010** heimild um traðir

A 409969 N 367259

Traðir eru merktar að bæ 004 úr suðaustri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Traðirnar lágu þvert yfir bæjarhólinn, þar sem núverandi vegur að bænum gerir enn til suðausturs. Fyrir vestan núverandi fjós lágu traðirnar til norðvesturs, yfir túnin. Endi traðanna er innan áhrifasvæðis ljósleiðara, 2 m norðan við miðlínu. Traðir voru þar sem nú er heimreið að fjósi og bænum en til norðvesturs eru slétt tún.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-090:024** heimild um túngarð

A 409947 N 367250

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingarmanna frá 1906 var túngarður umhverfis heimatún Ragnheiðarstaða 004. Hann afmarkaði allar hliðar túnsins og náði umhverfis holtið sem bærinn er á. Ekkert sést til hans lengur, þarna eru nú sléttuð tún. Túnið var 3 ha að stærð árið 1906. Suðurhlið túngarðsins er í miðlínu áhrifasvæðis ljósleiðara. Grasivaxin, slétt tún sem enn eru í ræktun. Svæðið er flatt og framræst.

Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

## ÁR-091 Loptsstaðir eystri

### *Sögulegar heimildir*

1686: 30 hdr., Skálholtsstólseign. **BL**, bls. 102.

1695: 30 hdr., Skálholtsstólseign. **BL**, bls. 102.

1708: Jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign, **JÁM II**, bls. 11.

Eystri Loftsstaðahjáleiga er hjáleiga frá bænum 1708. Loptsstaða er getið í máldaga Gaulverjabæjarkirkju frá um 1220, **DI I**, bls. 403 og í máldaga sömu kirkju frá 1331, **DI II**, bls. 671; 1397, **DI IV**, bls. 57 og frá um 1500, **DI VII**, bls. 454-5 og 1570, **DI XV**, bls. 656.


Jarðarinnar er getið í minnisgrein Gizurar biskups um að Eyjólfur Þorvaldsson hafi tekið staðinn í Villingaholti frá 1540, **DI X**, bls. 583 og í dómi vegna ranglegar meðferðar á hvölum sem drepnir voru á Loftsstöðum, **DI XI**, bls. 504. Þá er hennar getið í dómi um fjallaskil um Flóa og Skeið frá 1567, **DI XIV**, bls. 625.

### *Landkostir*

1708: „Fóðrast kann ... iiii kýr, viii ær, viii lömb, ii hestar. Það sem meira er, fóðrast ut supra á hinum helmingnum á tilfengnu heyi. Afrjett ut supra. Torfrista lök og sendin, erfið til að sækja. Torfstúnga engin, og eru veggir byggðir af grjóti og andi. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast eyddur og brúkast ei. Elt er taði og þangi. Selveiðivon lítil og mjög erfið ... Reka á jörðin fyrir heimalandi til helmínga við Gaulverjabæ ... Sölvafjara hefur næg verið ... Engjatak á jörðin í sjálfar sinnar landi nálægt Túngu ... Skógarhögg til kolgjörðar ut supra ... Túnið er ekkert, og er það eyðilagt af sandfoki ... Engjunum spillir sandfok til stórskaða ... Landþröng er ... Hætt er kvikfje á vetur fyrir stórviðrum, hraungjám og holgryfulækjum ... Vatnsból mjög erfitt í jörð niður og verður fyrir kvikfje að ausa um vetur og spillist of af sandfjúki.“ **JÁM II**, bls. 12-13.

ÁR-091:011 garðlag túngarður

A 406736 N 368700



Lofmynd af túngarði 011. Lofmynd frá Loftmyndum ehf.

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sést túngarður afmarka gamla heimatún Eystri-Loftsstaða. Hann er enn varðveittur að mestu, norðausturhornið er horfið. Að auki má sjá eldri útgáfu af túngarðinum fyrir norðvestan bæ 001, innan túns. Túnasléttun á stærsta þáttinn í minjaraski túngarðsins. Túngarðurinn er að hluta innan úttektarsvæðis ljósleiðara, um 12 m suðvestan við miðlínu. Ræktuð tún eru til allra átta, sum eru komin í órækt og ekki nýtt í dag. Fast norðan við heimatúnið er þjóðvegur 305.

Túngarðurinn afmarkar 5 ha svæði, bærinn var norðarlega, fyrir miðju. Í lýsingu þessari fá hlutar túngarðsins bókstaf til aðgreiningar. Túngarður A er sýndur á bæjarteikningunni og afmarkaði allt túnið. Hann er varðveittur að mestu en túnið var stækkað lítillega til suðausturs eftir að bæjarteikningin var gerð. Hann er horfinn til norðausturs, vegna túnasléttunar. Túngarðurinn afmarkaði svæði sem er 315x200 m að stærð og snéri norðvestur-suðaustur, Hann er 2-2,5 m á breidd og mjókkar eftir því sem ofar dregur. Hann er 0,4-0,6 m á hæð og girðing er ofan á honum. Hún er fallin að mestu en staurarnir sjást enn. Það glittir í 3 umför af grjóti í suðvesturhorni túngarðsins. Hann er líklega grjóthlaðinn en áfok liggur að túngarðinum og hann er gróinn af þeim sökum. Túngarður B er varðveittur fyrir norðvestan bæ 001, innan heimatúnsins og er eldri en túngarður A. Hann er 80 m að lengd, liggur austur-vestur og er bogadreginn. Hann sést liggja til vesturs frá tröðum 045 og sveigir til suðurs. Hann er 2 m á breidd og algróinn. Hann er 0,4 m á hæð en búið er að sletta aðra hluta hans í tún.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

ÁR-091:032 heimild traðir

A 406742 N 368703

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna sjást traðir liggja að bæ 001, úr norðaustri. Þær lágu í gegnum hlið á túngarði 011, milli útihúsa 004 og 045 og sveigðu svo til suðausturs að bænum. Traðirnar eru innan áhrifasvæðis ljósleiðara, 6 m sunnan við miðlínu. Grasvaxið, slétt svæði. Núverandi heimreið að bænum sem skammt austar.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906



Til vinstri: Fjárhús 047\_01, horft til ASA. Til hægri: Loftmynd af minjum 047. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Í skýrslunni Fornleifakönnun vegna framkvæmda við brú á Gaulverjabæjarvegi í Flóahrepp segir: „Um 15 m suður af Villingaholtsvegi þar sem hann liggur yfir Stóralæk er þúst sem virðist vera fjárhús með lítilli hlöðu aftan við. Rústin er 12 m á lengd og 9 m á breidd og virðist vera tvö hólfr. Hæð veggja er um 1 m en rústin er mikið samfallin og grasivaxin. Rústin virðist ekki vera mjög forn. [...] Vestan við rústina [047\_01] er mögulega garður eða garðbrot sem liggur meðfram ánni.“ Tóftin er um 420 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 30 m norðaustan við vað 021. Tóftin er 12 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðs ljósleiðara. Skammt austan við tóftina er malarvegur en til annarra átta gróid svæði.

Tóftin er um 10x5,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Mikill gróður var þegar skrásetjari var á ferðinni og bygðri sýn, t.d. sást ekki móta fyrir hlöðunni. Veggir eru um 0,5-0,9 m á hæð og algrónir.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Margrét Hallmundsdóttir, 6

ÁR-091:047\_02 garðlag varnargarður

A 407089 N 368464

Í skýrslunni segir enn fremur: „Garðbrotið var mælt 92 m en er líklega mun styttra. Alls ekki er víst að um garð sé að ræða þar sem Stóralækur (Loftstaðaá) virðist hafa verið grafin eins og skurður og hinum megin við (austan Stóralækjar) er að finna uppmokstur frá þeirri framkvæmd. Þarna við lækinn eru líka slóðar sem gætu hafa myndað ruðninga sem viðast vera garðar.“ Garðlagið nýtur vafans og talið til fornleifa. Garðurinn er alls um 70 m að lengd, 2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Það liggur norður-suður um 10 m austan við lækinn. Hann er algróinn og erfitt var að greina hann vegna gróðurs þegar skrásetjari var á ferðinni. Garðlagið er 10 m sunnan við miðlínu ljósleiðara.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

## ÁR-092 Loptsstaðir vestri

### *Sögulegar heimildir*

1686: 26 hdr. 160 ál., Skálholtsstólseign. **BL**, bls. 102.

1695: 30 hdr., Skálholtsstólseign. **BL**, bls. 102.

1708, jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign. **JÁM II**, bls. 11

1847: 14 2/3 hdr., bændaeign.

Strympa er hjáleiga frá bænum árið 1708.

Loptsstaða er getið í máldaga Gaulverjabæjarkirkju frá um 1220, **DI I**, bls. 403 og í máldaga sömu kirkju frá 1331, **DI II**, bls. 671; 1397, **DI IV**, bls. 57; frá um 1500, **DI VII**, bls. 454-55 og 1570, **DI XV**, bls. 656.

Jarðarinnar er getið í minnisgrein Gizurar biskups um að Eyjólfur Þorvaldsson hafi tekið staðinn í Villingaholti frá 1540, **DI X**, bls. 583 og í dómi vegna ranglegar meðferðar á hvölum sem drepnir voru á Loftsstöðum, **DI XI**, bls. 504.

1708: „Kirkja segja menn hjer hafi áður verið á Fornuloptsstöðum fyrir allra manna minni, en þess eru líkindi, að á því plátsi, sem menn ætla að kirkjan hafi staðið, finnast jafnlega mannabein, eftir það sjór og veður gjöra landbrot, og stendur skemmuhús heima í þá líking.“ **JÁM II**, bls. 11.

### *Landkostir*

1708: „Fóðrast kann iii kýr vi ær, vi lömb, iii hestar. Kvikfje, sem meira er, fóðrast á tilfengnum heyjum frá Gaulverjabæjar engjum og hagnýri og sumu kaupir ábduandi fóður ... Afrjett ut supra. Torfrista lök og sendin, erfið til að sækja. Torfstúnga engin, og eru veggir bygðir af grjóti og andi. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast eyddur og brúkast ei. Elt er taði og þangi. Selveiðivon lítil og mjög erfið ... Reka á jörðin fyrir heimalandi til helmínga við Gaulverjabæ ... Sölvafjara hefur næg verið ... Engjatak á jörðin í sjálfar sinnar landi nálægt Túngu ... Skógarhögg til kolgjörðar ut supra ... Túnið er ekkert, og er það eyðilagt af sandfoki ... Engjunum spillir sandfok til stórskaða ... Landþröng er ... Hætt er kvikfje á vetur fyrir stórviðrum, hraungjám og holgryfjulækjum ... Vatnsból mjög erfitt í jörð niður og verður fyrir kvikfje að ausa um vetur og spillist of af sandfjúki.“ **JÁM II**, bls. 12-13

1918: „Stærð túnanna samtals [Vestri-Loftsstaða, Strympu og Loftsstaðahóls] 6.8 ha. Öll eru túnin sljett. Stærð matjurtagarða: 4080 [fer] metrar.“ **Túnakort** 1918.

ÁR-092:043 heimild um brú

A 405921 N 369656

Gangbrú er merkt á herforingjaráðskort frá 1908, yfir Vellandkötlu, læk sem rennur úr Bæjarvatni. Það er ekki vitað á hvaða leið brúin var notuð né er leiðin sýnd á kortinu. Gangbrúin var 8 m norðan við miðlínu ljósleiðara. Núverandi þjóðvegur, Villingaholtsvegur 305 liggur yfir lækinn núna á sama stað og brúin var. Gerð hans raskaði henni að öllum líkindum.

Engin ummerki um brúnna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Hkort 38

## ÁR-093 Túnga

### *Sögulegar heimildir*

1708: jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign. **JÁM II**, bls. 38.

1708: „Þetta er sú jörð, sem bókin áður segir að Loftstadaðamenn meini bygð í þeirrar jarðar landi, en hefur þó verið haldið lögbýli í allra manna minni.“ **JÁM II**, bls. 38.

### *Landkostir*

1708: „Fóðrast kann iiii kýr, xv ær, viii lömb, iiii hestar. Það sem meira er af kvikfje fóðrast á tilfengnum heyjum og högum. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga er öll tilfengin. Móskurður til eldiviðar hefur verið og brúkast ekki um lánan aldur. Elt er taði. Sölvafjara hefur næg verið fyrir heimamenn, en brugðist í mokkur ár og verið að litlu gagni. Skógarhögg ut supra á öðrum stólsins jörðum. Engjunum granda lækir, sem bera leir á engið, og jetur vatn úr rótina. Landþröng er mikil ... Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum og verður oft mein að.“ **JÁM II**, bls. 39.

ÁR-093:014 tóft sjóbúð



Sjóbúð 014, horft til norðvesturs.



Loftmynd af sjóbúð 014. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

**Hættumat:** Hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Tunga, 2.

ÁR-093:022 heimild um fjárhús

Samkvæmt herforingjaráðskorti 38 sem gert er 1908 var hús, líklega fjárhús, rúma 40 m vestan við tóft 014. Hér gæti allt eins verið um þurrabúð að ræða. Fjárhúsin voru rúma 430 m sunnan við bæ 001, þar er nú vegöxl Gaulverjabæjarveggar 33 og þau að öllum líkindum horfið við lagningu hans. Ekki eru til aðrar heimildir sem geta þessa húss, örnefni eða sagnir. Áætluð staðsetning fjárhúsanna er í miðlínu ljósleiðara. Beggja vegna við Gaulverjabæjarveggar eru ræktað tún sem nýtt eru til beitar.

Engin ummerki fjárhússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Hkort 38

A 404963 N 370010

„... rásin þar suðvestan við [Pembutún] þekkist undir nafninu Kelda. Þarna eru vel grónar rústir af húsum, sem Hannes Magnússon í Hólum (1858-1937) byggði vegna útgerðar sinnar frá Tunguósi [092:033]. Seinna notaði Guðmundur Hannesson í Tungu húsin í sama tilgangi. Munu hús þessi byggð um eða nokkru fyrir 1900,“ segir í örnefnalýsingu. Tóftin er um 430 m sunnan við bæ 001 og rúma 500 m suðaustan við Síkisbrú 013. Hún er tæpum 20 m norðan við Gaulverjabæjarveggar 33 og sést vel. Fyrirnefnd rás er 10 m austur. Sjóbúðin er 8 m norðaustan við áhrifasvæði ljósleiðara. Slétt ræktað tún er norðan við tóftina. Óræktað svæði er fyrir sunnan hana, að þjóðveginum.

Tóftin er 13x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er norðaustur. Það er 8x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og gjóti og eru 0,3-0,8 m á hæð. Það sjást 4 umför af grjóthleðslu í þeim, bæði að utan og innan. Op er til norðausturs, inn í hólfid en annað op er til suðvesturs, yfir í hólf 2. Víða er rof í veggjum vegna hruns og ágangs. Hólf 2 er suðvestur. Það er 5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og í þeim má sjá 2-4 umför af grjóthleðslu. Hólfid er opið til suðausturs og annað til norðausturs, sem áður var lýst.

A 404923 N 370000



## ÁR-173 Baugstaðir

### *Sögulegar heimildir*

1686: 30 hdr., Skálholtsstólseign. **BL**, bls. 103.

1695: 30 hdr., Skálholtsstólseign. **BL**, bls. 103.

1708: Jarðardýrleiki óviss. Eign Skálholtsstóls. Með er talin hjáleigan Baugsstaðahjáleiga [ÁR-174]. **JÁM** II, bls. 42.

1847: Jarðardýrleiki 23 2/3 hdr. **JJ**, bls. 60.

Jarðarinnar er getið í Landnámabók: „Baugr hét maðr, fóstrbróðir Hængs; hann til Íslands ok var enn fyrsta vetr á Baugsstöðum...“ **ÍF** I, bls. 352.

Baugstaðir urðu eign Skálholtsstóls um 1270. **GJ.**, bls. 18.

„Baugstaðir eru... elsta byggða ból [sveitarinnar], kennt við Baug Rauðsson er hafði þar aðsetur hinn fyrsta vetur sinn á Íslandi, um 890. Á Baugsstöðum hefur verið tvíbýli frá 1775 og höfðuból frá því á 13. öld. Á jörðinni eru Baugstaðir I, II og III.“ **SB** II, bls. 217.

### *Landkostir*

Tún Vesturbæjar um 1920: 3,3 ha, þar af allt sléttað. Garðar: 2186 m<sup>2</sup>. Tún Austurbæjar um 1920: 2,9 ha, þar af allt sléttað. Garðar: 552 m<sup>2</sup>.

1708: „Afrjettur ut supra. Torfrista og stúnga mjög so þrotin, að í 2 ár segist ábúandi hafa tilkeypt heyturf frá Hólum. [...] Reka von í meðallagi við þessa sveit að reikna, hefur ábúandi það af reka, sem stólinn leyfir til húsbótar mönnum. [...] Tún og engjar spillast árlega af sandfjúki að ofan og austan, en sjáfangangi að framan. [...] Vatnsból erfitt um vetur fyrir fannlögum síðan sandfjúk eyddi vatnsbóli því, sem hjer var áður til peninganautar á vetur.“ **JÁM** II, bls. 42-44. Í **JÁM** segir enn fremur að sölvatekja sé bjargleg heimamönnum en Baugsstaðamenn eigin einni sölvatekju í takmörkuðum reit af Skipalandi á móti því að Skipamenn beita í Baugslandi.

ÁR-173:011 *Hlanddæl* heimild um þvottastað

A 404172 N 370489

„Vesturbæjarrimar hafa verið teknir undir tún. Í suðaustanverðum Vesturbæjarrimum, milli skurðar, sem grafinn var um þá þvera frá norðvestri til suðausturs til þurrkunar, þegar þeir voru gerðir að túni og þjóðveggarins, var dæla, nú dálítill slakki, nefndist hún Hlanddæl. Hefur þar sennilega verið þvegin ull áður fyrr,“ segir í örnefnaskrá. Hlanddæl er um 350 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 60 m norðaustan við garðlag 025. Skurðurinn sést enn og lágur lautir hér og þar í túninu. Slétt, ræktað tún.

Öll ummerki þvottastaðarins eru afmáð og sjást ekki á yfirborði.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Baugstaðir (a), 2



Minjar við Baugsstaðarjómabú 014. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-173:014\_01 *Baugstaðarjómabú* hús

A 403179 N 370683

„Vestan við Guðmundartóft [013] er skurður, sem nefndur er Rjómabússkurður [014\_03]. Þetta er handgrafinn skurður, sem kemur úr Hólavatni (örnefni í Hólum) og rennur í Baugsstaðaá við Baugsstaðarjómabú [014\_01]. [...] Baugsstaðarjómabú stendur rétt ofan við Baugsstaðaá, vestan við Rjómabússkurðinn. Rjómabúið var reist árið 1905, en er nú minjasafn, sjá nánar um það í Stokkseyrarsögu eftir Guðna Jónsson, bls. 165, I bindi,“ segir í örnefnaskrá. Í bókinni Rjómabúið á Baugsstöðum 100 ára segir: „Rjómabúinu var valinn staður við Baugsstaðaá. Í upphafi var ákveðið að tæki þess yrðu knúin af vatnsafli. Félagsmenn grófu haustið 1904 skurð, 1.400 metra langan, ofan frá Hólavatni að Rjómabússtæðinu. [...] Við inntakið úr Hólavatni var settur í skurðinn tréstokkur með lokubúnaði, svo þar mætti hafa stjórn á vatnsrennsli um skurðinn. Þá var sett timburstífla í Hróarsholtslæk við útfall hans úr Hólavatni til að geta stjórnað vatnshæð í Hólavatni. [...] Þá gerðu Rjómabúsmenn einnig fyrirhledslu á

austurbakka Hólavatns til að varna því að vatnið rynni fram á Hólaengjar um heyskapartímann. [...] Rjórabússkálinn var byggður við Baugsstaðaá 1905. [...] Húsið var að grunnfleti 6x7 m og við enda skálans var skúr 2,5 m á breidd.“ Rjórabúíð er um 750 m norðvestan við bæ 001 og 50 m suðaustan við Ostakofa 018. Þar er rekið safn sem opið er á sumrin. Alls eru þrjár fornleifar tengdar rjórabúinu innan og rétt við úttekarsvæði ljósleiðara, rjórabú 014\_01, hleðsla 014\_02 og skurður 014\_03. Minjasvæðið er alls um 30x25 m að stærð og snýr NNA-SSV. Rjórabúíð er fast sunnan við Gaulverjabæjarveg 33. Bílaplan og upplýsingaskilti eru við Rjórabúíð.



Baugstaðarrjórabú 014\_01, horft til SSA.

Rjórabúinu er vel lýst í bók Helga Ívarssonar og Páls Lýðssonar. Þar segir: „Húsið var að grunnfleti 6x7m og við í þrjá klefa. Fyrst var móttökuherbergi með vog til móttöku á rjóranum, suðupott, vantstunnu, skápur var í einu horninu fyrir vinnsluefni og hreinlætisvöru. Innbyggður var stór skápur eða klefi með hillum fyrir osta. Innaframt móttökuklefa var vinnsluklefi, þar var strokkur, hnoðunarbörð, smjörkerald, ostaker og ostapressa. Steypt vatnsþró var þar og yfir henni vatnspóstur og frá honum rör sem lá ofanjarðar í brunn við Baugsstaðaá. Bæði þessi herbergi voru niðurgrafin og hátt undir loft; gólf steinsteyp og veggir hvítir og klakaðir að innan. Þriðja herbergið var til íveru fyrir starfsstúlkur. Voru þar rúm fyrir

tvo, en þar var allt í senn svefnhús, eldhús með lítilli kolavél og skrifstofa. Íveruherbergið var þiljað innan með panil og blámálað með timburgólfi, og ekkert niðurgrafið. Skúrinn við endann var notaður til geymslu og fyrir mótur sem kom síðan.“ Litlu er við þessa lýsingu að bæta.

**Hættumat:** Hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Baugstaðir (a), 3, 8; Helgi Ívarsson og Páll Lýðsson, 16-19

ÁR-173:014\_02 hleðsla óþekkt

A 403163 N 370690



Hleðsla 014\_02, horft til NNV.

Hleðsla 014\_02 er um 20 m vestan við rjórabú 014\_01. Hleðslan er torfhlaðin og liggur norður-suður á um 20 m löngum kafla. Hún er 0,3-0,4 m á hæð. Aðeins lítill bútur af nyrsta enda hleðslunnar er innan áhrifasvæðis ljósleiðara. Þæla sést austan og vestan við hana.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-173:014\_03 Rjórabússkurður renna

A 403189 N 370745

Rjórabússkurður er um 2 m austan við rjórabú 014\_01. Eins og segir í örnenfaskrá var hann handgraffinn og liggur frá HólavatnaI til SSV, framhjá rjórabúinu og endar út í Baugstaðaá. Skurðurinn er 1,5 km á lengd en aðeins 15 m eru innan áhrifasvæðis ljósleiðaraframkvæmda. Þar er skurðurinn allt að 1 - 1,5 m djúpur og 0,5-1 m á breidd, með háa og gróna bakka. Vatn rennur enn í skurðinum.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-173:018 *Ostakofi* tóft skemma

A 403134 N 370709



Ostakofi 018, horft til suðurs

„Vestan við kofa, sem stendur við Baugsstaðarjómabú, sem nefnist Ostakofi,“ segir í örnefnaskrá. Nokkru síðar stendur: "Vestan við rjómabúið [014] er torfkofi, nefndur Ostakofi [áðurnefndur]. Í hann var settur ís á veturna meðan rjómabúið var starfrækt og síðan geymt í honum smjör og ostur yfir sumarið.“ Ostakofinn er nokkru suðaustar við Borgardrag, um 830 m VNV við bæ 001 og 20 m sunnan við Gaulverjabæjarveg 33. NNA-hluti tóftarinnar er innan áhrifasvæðis ljósleiðara. Tóftin er á sléttu og óræktuðu svæði, rétt norðan við Baugsstaðaá.

Þeir afar stæðilegir, allt að 1,5-1,8 m á hæð. Í hleðslum má sjá 6 umför af stæðilegu grjóti. Op er á tóftinni á miðri NNA-hlið. Umhverfis tóftina, nema til norðurs, sjást ummerki hvar torf hefur verið tekið sem byggingarefni fyrir tóftina.

Tóftin er einföld, 11 x 8,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og eru

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Baugstaðir (a), 3 og 8

ÁR-173:019 *Snorrabraut* vegur leið

A 403110 N 370728

„Vestan við kofa, sem stendur við Baugsstaðarjómabú, sem nefnist Ostakofi [018], liggur vagnbraut af Gaulverjabæjarvegi til norðurs upp heiðina; lá hún að Hæringsstöðum, Leiðólfsstöðum og Tóftum, nefndist hún Snorrabraut. Er hún kennd við Snorra Sveinbjörnsson (f. 1852, d. 1938), sem bjó á Leiðólfsstöðum,“ segir í örnefnaskrá. Snorrabraut sést vel norðan við Gaulverjabæjarveg 33. Innan úttektarsvæðis ljósleiðara sést hún illa á vettvangi en á loftmynd mótar vel fyrir henni þar engu að síður. Vegurinn liggur þvert í gegnum suðurhluta úttektarsvæðisins, 3 m sunnan við miðlínu. Sunnan við Gaulverjabæjarveg er gróið, þýft svæði, vestan við Ostakofa 018.

Vegurinn var eingöngu skoðaður innan úttektarsvæðis ljósleiðara. Hann er 11 m að lengd og sést liggja norður-suður. Vegurinn er 2,5 m á breidd en sést illa á yfirborði vegna gróðurs.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Baugstaðir (a), 3

ÁR-173:027 heimild um túngarð

A 404042 N 370484



Svæði sem túngarður 027 lá eitt sinn yfir, horft til suðausturs.

„Austan við túngarðinn á Baugsstöðum, sunnanverðan, er allhár melur, sem nefnist Kjaftavaldsmelur. [...] Norðan við Vesturtúnið og skákarnar var túngarður milli skákanna. Var hlið í túngarðinum, var það nefnt Skákahlið. Þetta er nú horfið,“ segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn afmarkaði allt heimatún Baugsstaða samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920. Túngarðurinn var eingöngu skoðaður innan áhrifasvæðis ljósleiðara í þetta sinn en þar er hann horfinn. Heimatúnið er grasvaxið og nýtt til beitar. Túngarðurinn er enn varðveittur utan

áhrifasvæðisins.

Fyrirhugað er að leggja ljósleiðarann fast sunnan við Gaulverjabæjarveg og engin ummerki túngarðsins sjást þar í gróinni vegöxl.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Baugsstaðir (a), 5, 6; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

ÁR-173:037 kantur mylla

A 403190 N 370679



Mylla 037, horft til norðurs.

„Austan við rjómabúið [014] stóð kornmylla, sem Guðmundur Jónsson, bóndi á Baugsstöðum, byggði 1906. Myllan var drifin með vatni úr rjómabússkurðinum. Guðmundur malaði þarna rúg og bygg fyrir félagsmenn í rjómabúinu og fleiri. Komu þeir með kornið um leið og þeir fluttu rjómann. Myllan var starfrækt til árunna 1912-13, en var síðar rifin og grjótið úr henni notað í fjárrétt þá, sem er fyrir framan Borgirnar og áður var nefnd, en þá sér fyrir grunnni myllunnar,“ segir í örnefnaskrá. Í bók Helga Ívarssonar og Páls Lýðssonar, Rjómabúið á Baugsstöðum 100 ára eru ítarlegri upplýsingar um mylluna. Þar segir: „Engin mynd er til af mylluhúsinu en á mynd af Rjómabúinu sést í horn af því. Það var

með hlöðnum grjótveggjum og jarnþaki. Var það rífið til grunna þegar notkun var hætt og grjótið flutt í burt. [...] Fyrir undirstöðum mylluhússins sést austan við við skurðinn á móti Rjómabúinu. Talið er að vatnshjólið hafi legið flatt og vatnið fallið ofan á það.“ Myllan var 5 m austan við Rjómabú 014\_01 og um 730 m norðvestan við bæ 001. Myllan er rúmum 5 m utan við úttekarsvæði ljósleiðara en helgunarsvæði hennar er 15 m og hún tekin með af þeim sökum. Gróíð svæði er austan við Rjómabúið en eitthvað jarðrask sést þar.

Þegar skrásetjari var á ferðinni var mikill gróður sem huldi grunn myllunnar að miklu leiti. Enn mótár fyrir kanti í suðvesturhorni og hægt að greina eitt umfar af grjóti. Kanturinn er 0,2 m á hæð og tæplega 8 m langur. Hann endar nánast rétt sunnan við áhrifasvæði ljósleiðara.

**Hættumat:** Hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Baugsstaðir (a), 8; Helgi Ívarsson og Páll Lýðsson, 34-38

ÁR-173:054 heimild um útihús

A 403909 N 370514

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús tæpum 180 m NNA við bæ 001 og tæpum 150 m norðvestan við útihús 005. Útihúsið er horfið en var í jafri áhrifasvæðis ljósleiðara, 15 m sunnan við miðlínu. Slétt tún er til suðurs og gróin vegöxl til norðurs.

Öll ummerki útihússins eru horfin af yfirborði.

**Hættumat:** Hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906

ÁR-173:055 garðlag vörslugarður

A 404125 N 370445

Rétt utan við heimatún Baugsstaða eru garðlög, líklega vörslugarðar. Eitt þeirra er að hluta innan áhrifasvæðis ljósleiðara, 4 m suðvestan við miðlínu. Hann var eingöngu rakinn innan áhrifasvæðis ljósleiðara og nær mun

lengra til suðurs. Slétt tún er til suðurs og gróin vegöxl til norðurs.

Garðurinn er 17x2,5 m að stærð og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er 0,3 m á hæð og algróinn. Eitt umfar af grjóthleðslu sést í garðinum sem er siginn og nokkuð raskaður á þessu svæði.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda



Vörslugarður 055, horft til suðvesturs.



Lofnmynd af vörslugarði 055. Lofnmynd frá Lofnmyndum ehf.

## ÁR-541 Hraun

### *Sögulegar heimildir*

1686: 40 hdr., bændaeign. **BL**, bls. 1118.

1695: 30 hdr., bændaeign. **BL**, bls. 118.

1708: 30 hdr., bændaeign. **JÁM II**, bls. 430.

### *Landkostir*

1918: Tún 3.9 ha, 9/10 slétt. Garðar 1144 m<sup>2</sup>.

ÁR-541:010 *Eyri* heimild um ferju

A 391267 N 376860

„Allra austasti hluti tangans milli Ölfusár og sjávar heitir Óseyrartangi, en er líka nefndur Eyri. Þar er ferjustaðurinn yfir Ölfusá. Sagt var að fara austur á Eyri, sama sem að fara austur á ferjustaðinn,“ segir í örnefnalýsingu. Ferjan var 7 km suðaustan við bæ 001. Að sögn Hrafnkells Karlssonar, heimildamanns, var ferjustaðurinn á svipuðum slóðum og Óseyrarbrú er nú. Ekki sér til gatna eða annarra ummerkja um ferjuna á yfirborði.

Ferjað var yfir Ölfusárós og þar er straumþungt. Sandur er á Eyrinni og melgresi vex víða.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hraun, 3



## RA-091 Hallgeirseyjarhjáleiga

### *Sögulegar heimildir*

„Er fyrst byggð eitthvað fyrir 40 árum.“ **JÁM I**, bls. 132.

„Hjáleiga Hallgeirseyjar, byggð um 1670. Fór í eyði árið 1965.“ **SB IV**, bls. 237

### *Landkostir*

1920: Tún 3,8 ha, þar af 3,5 ha sléttað, garðar 1360 m<sup>2</sup>.

RA-091:012\_01 garðlag vörslugarðar

A 433705 N 347355

Tvö garðlög, 012\_01 og 02, eru um 1,2 km NNV við bæ 001 og 5 m vestan við akveg 2479. Garðarnir eru á svæði sem er 170 x 120 m að stærð og snýr norður-suður. Aðeins nyrsti og NNV-hluti garðanna er innan úttektaarsvæðis ljósleiðara 2022. Ekki er vitað hvert hlutverk garðanna var, mögulega áveitugarðlög. Garðarnir liggja gegnum grasgróið og slétt svæði.



Loftmynd af garðlögum 012\_01-02. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.



Garðlag 012\_01, horft til suðvesturs

Garður 012\_01 er sunnar. Hann er 20 m á lengd og liggur ANA-VSV. Hann er 0,5 m á hæð, 3 m á breidd og er hlaðinn úr torfi. Hann hefur mögulega náð lengra til ASA en akvegur 2479 hefur líklega skemmt garðinn þar að hluta. Ekkert framhald af garðinum sést austan við veginn.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

RA-091:0122 garðlag vörslugarðar

A 433722 N 347385



Garðlag 012\_02, horft til SA.

Garðlag 012\_02 er norðar. Það er 120 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Aðeins norðvesturhluti garðsins, um 30 m, er innan úttektaarsvæðis ljósleiðaraframkvæmda 2022. Garðurinn er torfhlaðinn, 0,3-0,4 m á hæð og er 2,5 m á breidd þar sem hann er breiðastur. Akvegur 2479 liggur þvert í gegnum norðausturhluta garðsins og raskað garðinum á þeim slóðum. Stærstu hluti garðsins er sunnan við þjóðveginn.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

## RA-135 Arnarhóll

### *Sögulegar heimildir*

1686: 20 hdr., bændaeign. **BL**, bls. 92.

1695/97: 15 hdr., bændaeign. **BL**, bls. 92.

1707: 15 hdr., bændaeign. **JÁM I**, bls. 180.

Tvíbýli til 1956.

„Leiguliðagagn uppber ábúandi á Arnarhóli af reka þeim, sem liggur fyrir landi jarðarinnar, en rekann á Skálholts dómkirkja.“ **JÁM I**, bls. 181.

### *Landkostir*

1709: „Engjaslættum spillir bæði vatn og sandfjúk.“ **JÁM I**, bls. 181.

1920: Vesturbær: Tún 4 ha, þar af 3,5 ha sléttaðir, garðar 992 m<sup>2</sup>. Austurbær: Tún 2 ha, þar af 1,5 ha sléttaðir, garðar 1325 m<sup>2</sup>.



Loftmynd af þúst 014 og 015. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

RA-135:014 þúst útihús

A 431959 N 348837



Þúst 014, horft til suðausturs.

Þúst er um 70 m norðaustan við bæ 001 og 5 m sunnan við Landeyjaveg 252. Þústin er í sléttu túni. Til austurs og suðurs er svæði nýtt til hrossabeitar. Þústin er í sléttu túni. Til austurs og suðurs er svæði nýtt til hrossabeitar.

Þústin er 12 x 10 m að stærð og snýr h.u.b. NNA-SSV. Hún er 0,4 m á hæð og er ytra byrði hennar greinilegt þótt ekki sé hægt að greina neitt innra byrði enda þústin öll tekin að hlaupa í þúfur. Þarna hefur líklega útihús staðið.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

RA-135:015 þúst útihús

A 431943 N 348825



Þúst 015, horft til SSA.

Þúst er um 55 m NNA við bæ 001 og 30 m sunnan við Landeyjaveg 252. Þústin er 3 m utan við áhrifasvæði vegna ljósleiðaraframkvæmda 2022 en helgunarsvæði hennar (15 m) nær innan þess. Af þeim sökum er hún tekin með í þessa fornleifaskrá. Þústin er í sléttu túni. Til austurs og suðurs er svæði nýtt til hrossabeitar.

Þústin er 12 x 9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún rís 0,6 m hærra en umhverfið en er öll tekin að hlaupa í þúfur og er því ekkert

tóftarlag greinilegt á henni þótt hún hafi skýrar brúnir. Á þessum stað hefur líklega útihús staðið.

**Hættumat:** Hætta, vegna framkvæmda

RA-135:016 garðlag túngarður

A 431727 N 348977



Túngarður 016, horft til suðurs.

Túngarður er um 230 m VNV við bæ 001 og 5 m sunnan við Landeyjaveg 252. Garðurinn er greinilegur til allra átta nema til norðausturs en þar standa 20. aldar útihús (ekki fornleif) enn fremur eru þar ræktuð tún. Aðeins lítill hluti af vesturpart garðsins er innan áhrifasvæðis ljósleiðaraframkvæmda árið 2022. Garðurinn liggur gegnum slétt og grasgróið svæði.

Túngarðurinn er samtals 560 m langur en aðeins 12 m af honum er innan áhrifasvæðis framkvæmda 2022. Hann er grjót- og torfhláðinn en ekki sér í umför vegna gróðurs. Hann er allt að 0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda



Loftmynd af túngarði 016. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## RA-138 Yztakot

### *Sögulegar heimildir*

1686: 20 hdr., bændaeign. **BL**, bls. 92.

1695/97: 5 hdr., bændaeign. **BL**, bls. 92.

1709: 3 hdr, bændaeign. **JÁM I**, bls. 182.

Þar segir einnig: „Ystakot og Skipagerði eru ein og sama jörðin en með tveimur bæjum og hafa skift túnum og engjum 1709.“ **JÁM I**, bls. 185-186.

### *Landkostir*

1921: Tún 1,6 ha, þar af 1 ha sléttaðir, garðar 990 m<sup>2</sup>.

RA-138:007\_01 Grænhóll álagablettur

A 431319 N 349668



Grænhóll 007\_01, horft til norðausturs.

„Suður af Yztakoti er Engjamýri og í henni hár grashóll, Grænhóll [007\_01],“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt ábúanda á Yztakoti var álagablettur (01) á Grænhóli en hann mundi ekki hver álögin voru. Á hólnum er einnig dæld (02). Grænhóll er rúmum 250 m sunnan við bæ 001 og 7 m NNA við Landeyjaveg 252. Aðeins er suðurhluti Grænhóls innan áhrifasvæðis framkvæmda 2022. Grænhóll er rétt norðan við Landeyjaveg og er allt svæðið fremur slétt á þessum slóðum. Til norðurs eru sléttuð tún en til suðurs óræktað svæði.

Grænhóll er 16 x 10 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hann er á kafi í grasi, allt að 3 m á hæð og sést vel frá öllum áttum.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

RA-138:007\_02 dæld óþekkt

A 431316 N 349661

Sunnarlega á Grænhóli er dæld og þar hefur líklega beitarhús eitt sinn staðið. Dældin er 5,5 x 2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,5 m djúp þar sem hún er dýpst fyrir miðju. Allt svæðið er á kafi í grasi.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda



Loftmynd af minjum 007\_01-02. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## RA-165 Klasbarði vestari

### *Sögulegar heimildir*

1686: 26 hdr. 160 ál., 1/2bændaeign, ½ Skúmsstaðakirkjueign. **BL**, bls. 93.

1695/97: 10 hdr., Skúmstaðakirkjueign. **BL**, bls. 93.

1709: 10 hdr., Skúmstaðakirkjueign. **JÁM I**, bls. 191.

Klasbarðahjáleiga hjáleiga þaðan og var metin sem þriðjungur jarðarinnar. Í eyði frá 1926.

### *Landkostir*

1921: Tún 0,6 ha, þar af 0,3 ha sléttaðir, garðar 590 m<sup>2</sup>.



RA-165:005 tóft óþekkt

A 426674 N 354225



Tóft 005, horft til vesturs.

Lítill tóft er um 80 m suðvestan við bæ 001 og 30 m sunnan við Landeyjaveg 252. Tóftin er 1 m sunnan við áhrifasvæði framkvæmda vegna ljósleiðara 2022 en helgunarsvæði tóftarinnar (15 m) nær innan þess; af þeim sökum var hún tekin með í þessa fornleifaskrá. Tóftin er efst á grónum hól sem er girtur af. Svæðið er allt á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar sumarið 2022. Óræktað svæði er allt í kringum hóllinn.

Tóftin er einföld og er 6 x 6 m að stærð. Hún er torfhláðinn, 0,6 m á hæð, og sennilega með opi í suðausturs, þótt ekki sé útilokað að það sé aðeins rof. Mögulega er þetta heystæði en gæti einnig hafa verið lítil heimarétt.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda



Loftmynd af tóft 005. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## RA-167 Skúmstaðir

### *Sögulegar heimildir*

1686: 60 hdr. **BL**, bls. 93.

1695/97: 60 hdr. **BL**, bls. 93.

1709: 60 hdr. kirkjustaður, **JÁM I**, bls. 192.

c 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups, **DI XII**, bls., 6.

1201: „Þar bjó Árni prestur og bauð Guðmundi Arasyni heim.“ **Sturlunga**, bls. 196

[1332]: „Skymstader. Gamall maldagi. Olafs kirkia aa skymstodum a prestz skyllid j heima landi.“ **DI II** bls. 690.

[1367]: „Olafskirkia a Skumstodum a prestskyllid j heimalande. vj. kugillde.“ **DI III**, bls. 217

1397: „a prestskyllid j heimalandi. vj. kugilldi Þangad ligia .xj. bæer ad tiundumm oc lysitollumm.“ **DI IV**, bls. 80

1412: „Vig Einars Heriolds sonar var hann stunginn j hel med knife vpp a uppstigningar dag j kirkiu gardinum a Skumstodum.“ **IA**, bls. 290

[1491-1518]: „Skumstader [Kyrkia ad skumstodum ä prests skyllid I heimalande et cetera.“ **DI VII**, bls. 39-40 .

1575: Máldagi kirkjunnar, **DI XV**, bls. 665.

Tvær hjáleigur 1709, Bjarnahjáleiga og Snorrahjáleiga báðar í eyði.

1709: „Reka á jörðin fyrir sínu landi allan, gagnlegan þegar til vill. Skógarítak er jörðunni eignað þ í Næfurholts landi, sumir segja tvö ... Silúngsveiði er lítil í Skúmstaða vatni ...“ **JÁM I**, bls. 194-195.

### *Landkostir*

1709: „Fyrir 60 eða 70 árum fóðraðist lxxx kúa þúngi, síðan hefur Gljain árum saman vaxið og gengið yfir engjar, og hefur eftir því heyskap rjenað, so nú næst sjaldan nema lítið af því slægjulandi, sem fyrum var hið besta. ... Slægjur eru hjer nokkrar ljeðar ... Engjaslægjum spillir stórlega vatn )Gljain), er áður er um skrifað, líka hefur Skúmstaða vatn afbrotið meir en hálfar slægjur ...“ **JÁM I**, bls. 194

1921: Tún 1,8 ha allt slétt, garðar 1146 m<sup>2</sup>.

RA-167:015 tóft óþekkt



Tóft 015, horft til norðausturs.

sem eru sennilega leifar af því hvar byggingarefni var tekið. Ekki er ljóst um hlutverk tóftarinnar, mögulega skepnuhús.

**Hættumat:** Hætta, vegna framkvæmda

RA-167:016 garðlag landamerki



Garðlag 016, horf til norðausturs.

**Hættumat:** Stórhætta, vegna framkvæmda

A 425064 N 356780

Tóft er nokkru norðan við Bullhóla, um 1,4 km norðvestan við bæ 001 og 25 m sunnan við Landeyjaveg 252. Tóftin er 1 m sunnan við áhrifasvæði framkvæmda vegna ljósleiðara 2022 en helgunarsvæði tóftarinnar (15 m) nær innan þess; af þeim sökum var hún tekin með í þessa fornleifaskrá. Á þessum slóðum er óræktað svæði og mishæðhótt. Gras er ríkjandi á þessum stað og sums staðar eru blettir alveg á kafi í grasi.

Tóftin er einföld, 12 x 9 m að stærð og snýr VNV-ASA. Veggir eru torfhlaðnir og ná allt að 0,7 m á hæð; hæstir til VNV og ASA. Gengið er inn í tóftina í suðausturhorni hennar. Utan við tóftina má víða sjá dældir

A 425042 N 356805

Landamerkjagarður er á milli Skúmsstaða og Eystri-Hóls RA-173, um 1,5 km norðvestan við bæ 001 og 30 m norðvestan við tóft 015. norðaustur hluti garðsins er innan áhrifasvæðis framkvæmda vegna ljósleiðara árið 2022. Garðurinn liggur upp gróna brekku, eða hæð. Til vesturs er vísir að skógareit en annars er svæðið grasigróið og mishæðótt.

Garðinum var fylgt á um 25 m löngum kafla. Hann liggur norðaustur-suðvestur en aðeins 4,5 m eru innan áhrifasvæðis ljósleiðaraframkvæmda 2022. Garðurinn er torfhlaðinn, 0,2-0,4 m á hæð og er hann hæstur til suðvesturs. Hann er allt að 3 m á breidd. Þæla sést beggja vegna við garðinn.



Loftmynd af tóft 015, og garðlagi 016. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## RA-174 Ytri Hóll

### *Sögulegar heimildir*

1686: 10 hdr., bændaeign. BL, bls. 93.

1695/97: 10 hdr., bændaeign. BL, bls. 93.

1709: 10 hdr. Þá er ein hjáleiga á jörðinni Grímstaðir en 1847 hefur hjáleiga Korngerði (Kotgerði) bæst við. „Grímstader hjet bær, enn þá var Ytre Hóll ecke til. Þetta í gamla daga. Sidann var bærenn fluttur þadann þangat sem Ytre Holl nú stendur, og kalladur Ytre Holl. Sidar laungu var hialeiga bigd fra Ytre Hole, skamt þar frá sem þeir fornu Grímstader höfdu staded, og kölludu Grimsstader.“ JÁM I, bls. 197.  
Í eyði frá 1967.

### *Landkostir*

1709: "Engjar, sem fyrrum voru gagnlegar og í betra lagi, hafa stórlega forargast og spretta nú lítið, eru komnar í hrjóstur og þýfi, meina menn því valdi vatnsleysi og vorþurkar ..." JÁM I, bls. 197.

1921: Tún 2,5 ha, allt sléttað, garðar 1128 m<sup>2</sup>.




Þúst 005, horft til norðurs.

Þúst er um 520 m suðvestan við bæ 001 og 220 m austan við Hólsá. Þústin er 2 m norðan við áhrifasvæði framkvæmda vegna ljósleiðara 2022. Helgunarsvæði þústarinnar (15 m) nær hins vegar innan þess. Vegna þess er þústin í þessari fornleifaskrá. Á fremur gróðursnaðri eyri, rétt sunnan við ræktað tún. Á þessum stað er talsvert um sand og möl.

Þústin er 8 x 5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er hæst fyrir miðju, 0,6 m, en lækkar skarpt til allra átta. Hún er grasigróin en með skýrar brúnir þótt ekkert tóftarlag sé greinileg. Sennilega er þetta leifar gamals mannvirkis en ekki er hægt að útiloka að þetta sé aðeins gróin sandalda.

**Hættumat:** Hætta, vegna framkvæmda



Loftmynd af þúst 004. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.


## RA-175 Grímstaðir

### *Sögulegar heimildir*

Hjáleiga Ytri Hóls. Byggð um 1690. JÁM I, bls. 197.

### *Landkostir*

1921: Tún 1,5 ha, þar af 1 ha sléttaðir, garðar 876 m<sup>2</sup>.



RA-175:007 *Korngerði* garðlag býli

A 424076 N 357756

Garður er um 140 m ASA við bæ 001 og 20 m norðan við veg 2549. Garðlagið er 3 m norðan við áhrifasvæði framkvæmda vegna ljósleiðara 2022. Helgunarsvæði garðsins (15 m) nær hins vegar innan þess; af þeim sökum var hann tekinn með í þessa fornleifaskrá. Á svipuðum slóðum er Korngerði sýnt á yngri gerð af herforingjaráðskorti en á eldri útgáfu kortsins frá 1908 eða uppdrátti Íslands frá 1938 er ekkert býli merkt inn á þessum stað. Engar aðrar upplýsingar um Korngerði hafa fundist. Mögulega eru fleiri minjar um Korngerði norðan og norðaustan/-vestan við þetta garðlag en það svæði var ekki kannað. Þessi garður liggur um grasislétt svæði. Til norðurs er áveituskurður.

Garðurinn er L-laga. Hann liggur austur-vestur á um 14 m löngum kafla og NNA-SSV á um 30 m löngum kafla, samtals er hann 43 m langur. Garðurinn er torfhladdinn, er 0,4-0,6 m á hæð og allt að 2 m breiður. Að norðan er garðurinn raskaður af áveituskurði. Hann sést haldra áfram til NNV, norðan við skurðinn, en var ekki fylgt á þeim stað enda er það svæði utan úttektarsvæðis.

**Hættumat:** Hætta, vegna framkvæmda



Garðlag 007, horft til suður.



## 5 Niðurstöður og samantekt

Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar fornleifar sem skráðar voru innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara frá sæstreng við Hallgeirsey nærri Landeyjahöfn allt vestur að Þorlákshöfn. Alls voru 36 minjar skráðar á 31 minjastöðum (tafla 1) innan þess. Tíu minjastaðir voru rétt utan áhrifasvæðið en helgunarsvæði þeirra (15 m) nær inn á það. Vegna þess voru þeir teknir með. Áhrifasvæðið var samtals 65 km langt, 30 m breitt og lá í gegnum fimm sveitarfélög á Suðurlandi: Árborg, Flóahrepp, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ölfus.

Ljósleiðarinn mun að stórum hluta liggja meðfram þjóðvegum, yfir röskuð svæði eða yfir sendin svæði þar sem engar heimildir eða vísbendingar eru um fornminjar. Vegna þessa var ákveðið að skipta áhrifasvæðinu í tvo flokka:

**Vettvangsganga.** Óröskuð eða lítt röskuð svæði voru tekin út með ítarlegri vettvangsgöngu. Umrædd svæði voru að stórum hluta aðalskráð eða vinna hafin við slíka skráningu. Svæðin voru gengin skipulega og fornleifar mældar upp/endurskoðaðar þar sem eldri skráning var til.

**Akstur.** Þar sem lagnastæðið lá meðfram þjóðvegum, mikið röskuðum svæðum eða á sendum svæðum þar sem engar heimildir um fornminjar eða athafnasvæðis jarða fyrr á öldum var ekið hægt. Þekktar minjar voru mældar upp og leitað að nýjum fornleifum innan áhrifasvæðis.

Alls þurfti að þaulganga 2 km (við Miðöldu í Ölfusi og rétt austan við Hólsá hjá Grímsstöðum) en 63 km voru eknir. Tafla 1 sýnir minjar innan áhrifasvæðis.

Tafla 1. Fornminjar innan áhrifasvæðis

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Fjarlægð frá miðlínu (m)
ÁR-089:022	Túnbrú	brú	brú	0,5
ÁR-089:023		heimild	áveita	7,5
ÁR-089:047	Veita	heimild	áveita	20,5
ÁR-089:059		Garðlag	vörslugarður	0
ÁR-090:005		heimild	útihús	9,5
ÁR-090:010		heimild	traðir	12,5
ÁR-090:024		heimild	túngarður	2,5
ÁR-091:011		garðlag	túngarður	10,5
ÁR-091:032		Heimild	traðir	3,5
ÁR-091:047_01		Tóft	fjánhús	12
ÁR-091:047_02		Garðlag	varnargarður	8,5
ÁR-092:043		Heimild	brú	8,5
ÁR-093:014		Tóft	sjóbúð	23
ÁR-093:022		Heimild	fjánhús	1,5

ÁR-173:014_01	Baugstaðarjómabú	Hús		17,5
ÁR-173:014_02		Hleðsla	óþekkt	14,5
ÁR-173:014_03	Rjómabússkurður	Renna		13,5
ÁR-173:018	Ostakofi	Tóft	skemma	12
ÁR-173:019	Snorrabraut	Vegur	leið	7,5
ÁR-173:027		Heimild	túngarður	7
ÁR-173:037		Kantur	mylla	19
ÁR-173:054		Heimild	útihús	16,5
ÁR-173:055		Garðlag	vörslugarður	4,5
ÁR-541:010	Eyri	Heimild	ferja	4
RA-091:012_01		Garðlag	óþekkt	1,5
RA-091:012_02		Garðlag	óþekkt	1,5
RA-135:014		Þúst	útihús	0
RA-135:015		Þúst	útihús	15
RA-135:016		garðlag	túngarður	1,5
RA-138:007_01	Grænhóll	álagablettur		10,5
RA-138:007_02		dæld	óþekkt	10,5
RA-165:005		tóft	óþekkt	15,5
RA-167:015		tóft	óþekkt	17
RA-167:016		garðlag	landamerki	9,5
RA-174:004		þúst	óþekkt	17
RA-175:007	Korngerði	garðlag	Býli	17
<b>Samtals 36 minjar</b>				

11 fornleifar eru innan við 5 m fjarlægð frá miðlínu ljósleiðara, og af þeim eru fjórar horfnar af yfirborði.<sup>7</sup> Í heildina eru 11 fornleifar horfnar af yfirborði eða tæp 30% (tafla 1). Þessar minjar voru oft við vegi og hefur vegagerð líklega raskað þeim. Allar minjar innan áhrifsvæðis eru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Tíu minjastaðir (ÁR-089:047; ÁR-093:014; ÁR-173:014\_01; ÁR-173:037; ÁR-173:054; RA-135:015; RA-165:005; RA-167:015; RA-174:004; RA-175:007) voru rétt utan við áhrifsvæðið og því skilgreindir í hættu. Rétt er að geta þess að í hættumatinu er ekki fólgið mat á gildi fornleifa, heldur er því aðeins ætlað að vekja athygli á því að framkvæmdir kunni að ógna umræddum minjastöðum. Af þeim sökum er mikilvægt að taka tillit til þeirra við framkvæmdir og leita samráðs við Minjastofnun Íslands um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir þar sem þeirra er þörf.


<sup>7</sup> ÁR-089:022; ÁR-089:059; ÁR-090:024 (horfin); ÁR-091:032 (horfin); ÁR-093:022 (horfin); ÁR-173:055; ÁR-541:010 (horfin); RA-091:012\_01-02; RA-135:014; RA-135:016.

Minjar innan áhrifasvæðis voru fjölbreyttar og tengjast flestar samgöngum eða búsetu og eru þær flestar staðsettar við eða innan gamla heimatúna. Áhrif framkvæmdarinnar er einna mest innan gamla heimatúnsins á Arnarhóli (alls þrjár þekktar fornleifar), Ragnheiðastaði (þrjár fornleifar), innan og utan túns Fljótshóla (fjórar fornleifar) sem og í og við gömlu heimatúnin á Loftstöðum eystri og vestri (fjórar fornleifar). Auk þess voru sex fornleifar við gamla rjómabúið á Baugstöðum.

Eins og fyrr segir stendur aðalskráning innan sveitarfélagsins Árborgar yfir og skýrsla um verkið er óútgefin. Á mynd 2 og 3 má sjá minjar innan Stokkseyrar en upplýsingar um þær er ekki finna í þessari skýrslu. Alls eru þetta 51 fornleifar. Fornleifar innan Stokkseyrar sem lenda innan áhrifasvæðis ljósleiðara ættu ekki að verða fyrir raski, hann verður við vegi eða í gömlum skolp- og vatnslögnum.



**Mynd 2.** Fornleifar voru skráðar innan Stokkseyrar árin 2021–2022 en úrvinnslu er ekki lokið. Myndin sýnir minjar innan norðvestur hluta bæjarins.



**Mynd 3.** Fornleifar voru skráðar innan Stokkseyrar árin 2021-2022 en úrvinnslu er ekki lokið. Myndin sýnir minjar innan suðausturhluta bæjarins.

**Niðurstaða:** Innan áhrifasvæðis voru skráðar 36 fornleifar á 31 minjastöðum. Allir staðirnir teljast til fornleifa. Þrátt fyrir viðamikla heimildaleit og vettvangsrannsókn er alltaf möguleiki á að óþekktar minjar komi í ljós við framkvæmdir, sérstaklega ef framkvæmdar innan gamla heimatúna. Ef það gerist þarf að skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem auðið er

## Heimildaskrá

- AM 263 fol: Máldagabók, 1598. Kaupmannahöfn og Reykjavík, Arnamagnæanske samling.
- BL: Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Lundur, Gleerup.
- Bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1906: Uppmælingar Dana á heimatúnum frá árunum 1906-1908. Landmælingar Íslands.
- DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I–XV. bindi. 1857–1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Edda Linn Rise, Guðlaug Vilbogadóttir og Guðný Zoëga. 2005. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Hafnargötu á Stokkseyri*. [Stað vantar], Byggðasafn Árnesinga/Byggðasafn Skagfirðinga – Glaumbæ.
- Guðlaug Vilbogadóttir, Edda Linn Rise og Kristín Erla Þráinsdóttir. 2007. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Dvergasteina 1, 2, 2a, 3 og 5 á Stokkseyri*. [Stað vantar], Byggðasafn Árnesinga.
- Helgi Ívarsson og Páll Lýðsson. 2005. *Rjómabúið á Baugsstöðum 100 ára*. Selfoss, Búnaðarsamband Suðurlands/Rjómabúið Baugsstöðum.
- Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðasdóttir. 2021. *Fornleifaskráning í landi Þorlákshafnar 2021. Vettvangsskráning og söguárip*. [Stað vantar], VG Fornleifarannsóknir.
- Hkort 38 NA: Herforingjaráðskort 38 NA Eyrarbakki - Loptstaðir: Reykjavík. 1:50.000. Útgáfuár 1908.
- IA: Íslenskir annálar 1400-1800. 1940-1948. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- ÍF: Íslensk fornrit. I–XVII. bindi. 1935–2002. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag.
- JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga. 2005. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í lands Eystra Íragerðis*. [Stað vantar], Byggðasafn Árnesinga/Byggðasafn Skagfirðinga – Glaumbæ.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2018a. *Fornleifakönnun vegna framkvæmda við brú á Gaulverjabæjarhreppi í Flóahreppi*. NV nr. 27-18. Bolungarvík, Náttúrustofa Vestfjarða.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2018b. *Fornleifakönnun vegna hreinsistöðvar við Geitanes í Árborg og tillögur um fráveitulagnir*. NV nr. 34-18. Bolungarvík, Náttúrustofa Vestfjarða.
- Oddgeir Hansson og Orri Vésteinsson. 2001. *Fornleifar í Rangárvallasýslu III: Aðalskráning í Djúparhreppi*. FS146-00051. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstj.). 2017. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II*. FS626-12022. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstj.). 2018. *Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi: Áfangaskýrsla IV*. FS684-07174. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstj.). 2023. *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi eystra Áfangaskýrsla II: Fljótshlíðarhreppur, hefti 1*. FS874-18061. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson. 2018. *Fornleifakönnun: Lagning jarðstrengs innan sveitarfélagsins Árborgar*. FS718-18461. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- SB II: Sunnlenskar byggðir: Flóinn**. II. bindi. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. [Stað vantar], Búnaðarsamband Suðurlands.
- SB IV: Sunnlenskar byggðir: Rangárþing austan Eystri-Rangár**. Ritnefnd: XXX. [Stað vantar], Búnaðarsamband Suðurlands.
- Sturl: Sturlunga saga**. I.–II. bindi. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. 1946. Reykjavík, Sturlungaútgáfan.
- Túnakort 1918: Túnakort Hraungerðishrepps 1918**. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.
- Túnakort 1920: Túnakort Stokkseyrarhrepps 1918**. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.
- Ö-Fljótshólar, austurbær: Örnefnaskrá fyrir Fljótshóla, austurbær**. 1968. Sigurjón Þ. Erlingsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hraun: Örnefnaskrá fyrir Hraun. 1969. Eiríkur Einarsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

Ö-Tunga: Örnefnaskrá fyrir Tungu. 1968. Sigurjón P. Erlingsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

*Heimildamaður*


Hrafnkell Karlsson, 10.07.1949

## Hnitaskrá ISN93

Auðkenni	Austur	Norður
ÁR-089:022	411109	366717
ÁR-089:023	411269	366389
ÁR-089:047	411058	366831
ÁR-089:059	411099	366739
ÁR-090:005	409883	367284
ÁR-090:010	409970	367259
ÁR-090:024	409947	367251
ÁR-091:011	406737	368700
ÁR-091:032	406742	368704
ÁR-091:047_01	407100	368459
ÁR-091:047_02	407090	368465
ÁR-092:043	405921	369656
ÁR-093:014	404964	370010
ÁR-093:022	404925	370000
ÁR-173:014_01	403180	370683
ÁR-173:014_02	403163	370691
ÁR-173:014_03	403190	370687
ÁR-173:018	403134	370710
AR-173:019	403110	370729
ÁR-173:027	404042	370484
ÁR-173:037	403190	370680
ÁR-173:054	403910	370515
ÁR-173:055	404125	370445
ÁR-541:010	391267	376860
RA:091:012_01	433705	347355
RA-091:012_02	433722	347385
RA-135:014	431959	348837
RA-135:015	431943	348825
RA-135:016	431727	348977
RA-138:007_01	431319	349668
RA-138:007_92	431316	349661
RA-165:005	426674	354225
RA-167:015	425064	356780
RA-167:016	425042	356805
RA-174:004	423195	358152
RA-175:007	424076	357756




Minjakort - Yfirlit



# Minjakort A



# Minjakort B



# Minjakort C



# Minjakort D



# Minjakort E



# Minjakort F



# Minjakort G





# Minjakort H



# Minjakort I

